

Fundargerð 317. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: mánudagur 7. apríl 2025
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Flóaljóss 2024

Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir ársreikning Flóaljóss fyrir árið 2024. Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur félagsins um 15,8 millj. kr. á árinu 2024. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 6 millj. kr. Veltufé frá rekstri nam um 9,3 millj. kr. Bókfært verð eigna Flóaljóss nam um 129 millj. kr. í árslok 2024, eigið fé nam um 91 millj. kr. og skuldir námu samtals um 38 millj. kr. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreiking Flóaljóss fyrir árið 2024 og staðfestir hann með undirritun sinni.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Ársreikningur Flóahrepps 2024 – fyrri umræða

Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2024. Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2024 lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa ársreikningi Flóahrepps 2024 til síðari umræðu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 6. maí kl. 17.00 í Þingborg

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)